



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 11. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: Miðvikudagur 7.12.2011 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
- Boðuð forföll:** Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri
- Fjarverandi:**
Fundarritari: ÞI

Helstu mál: Fundargerð s.f., keilari ársins, jólakveðjur, formannafundur ÍSÍ og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Samþykkt. ÞI mun minna ÓPV að svara erindi Arnars Sæbergssonar.

2. Keilari ársins:

Ræddir voru þeir keilarar sem kæmu til greina. Einnig var nokkur umræða um stigatöfluna og vægi móta. Stjórn ákvað að Dagný Edda Þórisdóttir og Hafþór Harðarson yrðu keilarar ársins 2011. Arnar Davíð Jónsson var eina nafnið sem kom einnig til greina. ÞI mun tilkynna þeim valið og setja saman stutta greinargerð og senda á ÍSÍ. Síðan verður valið kynnt á heimasíðu sambandsins.

Ákveðið var að opna endurskoðun stigatöflunni og annað sem tengist henni. Við höfum það sem Guðrún Soffía sendi á árinu og ÞI mun senda það á stjórnarmenn. Keilurum verður einnig gefin kostur á að senda inn hugmyndir að betri/breyttri töflu og munum við fara yfir þær á næsta fundi.

3. Jólakveðjur:

Við munum senda á sömu aðila og í fyrra, norrænu samböndin, ÍSÍ og keilusalina. Ákveðið var að nota mynd af Arnari Davíð á kortið, GS tók myndir af honum á Norðurlandamótinu og munum við nota eina þeirra.

4. Formannafundur ÍSÍ:

ÞI sótti formannafund ÍSÍ þann 11. nóvember s.l. og fór í gegn nokkur þau atriði sem þar komu fram. Fjárskortur og niðurskurður voru þar helstu atriðin, þó nokkrir bjartari hlutir hafi verið á dagskránni. Farið var yfir tvö erindi sem komu frá fundinum í tengslum við 100 ára afmæli ÍSÍ. Annars vegar Munir og mynjar og hins vegar Viðburðir sambandsaðila. ÞI mun svara bréfunum og ákveðið var að RIG og Íslandsmótin yrðu þeir viðburðir KLÍ sem ætti að gera hærra undir höfði.

5. Önnur mál:

Önnur mál voru mörg þar sem nokkuð er liðið frá síðasta fundi.

Norðurlandamótið – Mótið tókst í alla staði mjög vel og voru fulltrúar gestana ánægir með mótið. Mótið virðist hafa komið nokkuð vel út fjárhagslega, en ekki eru allir reikningar komnir.

Þjálfaranámskeið – Fyrsta stig ETBF verður haldið um aðra helgi og mun Juha Maja, frá Finnlandi, kenna námskeiðið. Námskeiðið tekur fjóra daga og eru 14-15 þátttakendur á

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

námskeiðinu. TÓ mun aðstoða Juha við kennsluna og sjá um að koma honum milli staða o.þ.h., því kennslan fer fram í Keiluhöllinni og í kennslustofum ÍSÍ í Laugardal.

Jólaboð stjórnar – tókst vel og ÞI vonar að næsta stjórn haldi þessu áfram þar sem það er ekki nógu metið það sem nefndarmenn leggja til við rekstur sambandsins.

Árslok – ÓPV mun senda úr rukkanir á félögin fyrir skráningargjöldum í náinni framtíð, einnig fyrir þjálfaranámskeiðinu og öðrum mögulegum skuldum.

Keppnisskírteini - ÞI mun senda lista fyrir keppnigjöld einstaklinga um leið og meðaltal nóvember lýtur dagsins ljós, en venja er að skuldfæra á yfirstandandi ári. Ekki verða gefin út skírteini nema fyrir nýja keppendur, heldur verður límmiði með ártalinu notaður til að uppfæra þau skírteini sem eru í notkun.

Ríkisstyrkur – ÞI skilaði í vikunni einni greinagerð fyrir ríkisstyrk og mun skila fyrir núverandi ár á næstunni. Ríkisstyrkur milli 2010 og 2011 hefur lækkað um 175 þúsund.

Styrkbeiðni ÍFH – Ekki er kostur að verða við beiðninni og mun ÞI svara Þresti.

Fundi slitið 18:50 – næsti fundur 4. janúar 2012 - nema eitthvað komi uppá.